

EFTIRLITSSKÝRSLA

Málning hf. Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	18.4.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Málning hf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Dalvegi 18	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4502694849	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	360217,744 403405,653

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu var skráð eitt frávik er varðar lekavarnir á útiplani, skráð var ein ábending varðandi staðsetningu efnabamba á útisvæði.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið, skoðaðar voru skráningar og skiladagar skv. því. Rætt var um úrlausnir á frávikum sem komu fram í eftirliti árið 2017.

Starfsemi Málningar hf. er með óbreyttu sniði frá fyrri árum og breytingar eru ekki fyrirhugaðar. Engin umhverfisóhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti og hvorki hafa verið skráðar kvartanir hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila.

Árið 2017 var skráð frávik vegna þess að skráningar á tæmingu varnarþróa voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirliti. Jafnframt lágu ekki fyrir staðfestingar um förgun efnisins. Skráningar fara nú þannig fram að þjónustuaðili fyllir út á þar til gert blað að hann hafi tæmt þærnar og síðan kemur kvittun frá spilliefnamóttöku um það magn sem skilað var inn. Þjónustuaðili tæmir þærnar að meðaltali 2-3 sinnum á ári. Fráviki frá gr. 4.1. í starfsleyfi sem sett var í eftirliti 14. júní 2017 er hér með lokað.

Spilliefni eru sótt af Efnamóttökunni hf. sem flytur efnin m.a. í eimingu til Efnæimingar ehf. Skráningar á magni spilliefna koma fram í grænu bókhaldi. Fráviki frá gr. 4.1. í starfsleyfi vegna skráninga á magni og gerð spilliefni sem sett var í eftirliti 14. júní 2017 er hér með lokað.

Rætt var um almennan úrgang og hvernig hann er flokkaður. Rekstraraðili flokkar ekki plast frá almennum úrgangi en pappi og timbur er flokkað. Mikið af efnabömbum fellur til hjá rekstraraðila og hafa urðunarstaðir og spilliefnamóttökur tekið við þeim eftir tæmingu. Stundum hefur þó reynst erfitt að losna við bambanna og þó nokkuð af þeim hefur nú safnast upp í útiporti við verksmiðjuna.

Mælingar á ryki voru framkvæmdar í júlí 2017 í fyrsta skipti og voru niðurstöðurnar innan marka starfsleyfis. Mælingar eiga að fara aftur fram 2021.

Farið var yfir fyrirkomulag skráninga og bent var á að skrá skal prófanir og kvarðanir á tækjabúnaði. Jafnframt skal skrá niður hitastig í leysiefna geymslu, að jafnaði einu sinni í viku og við miklar hitasveiflur en því hefur ekki verið sinnt. Skráningar eiga að vera aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirliti.

Gengið var um verksmiðjuna og útisvæði tengt henni. Útiplan og svæði fyrir hráefnistanka er afgirt. Á útiplani er engin lekavörn og komi rof á efnabambana þá á innihaldið greiða leið niður í niðurfall sem staðsett er í plani utan girðingar og þaðan í regnvatnskerfi bæjarfélagsins. Í efnabömbum sem geymdir eru á planinu eru meðal annars efni sem teljast oliefni s.s. Synthalat SF 653. Slík efni ber að geyma þar sem er lekavörn.

Leyfi rekstraraðila til að nota lífræn klórefnasambönd rennur út 1. maí nk. Rekstraraðili vill fá að nota slík efni áfram og var bent á að skoða það hjá Teymi efnamála hjá Umhverfisstofnun hvort slík leyfi væru enn veitt.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 8 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Skv. 8. gr í reglugerð nr. 884/2017 skulu olíugeymar vera í lekavörn. Í efnabömbum sem geymdir á plani verksmiðjunar má meðal annar finna olíuefni. Því er gerð krafa um að lekavörn verði komið fyrir á planinu t.d. með því að steypa kant við enda plansins til að varna því að efni leki niður á næsta plan og þaðan í niðurfallið eða með öðrum leiðum sem eftirlitsaðili samþykkir.
Gr. 4.1. í starfsleyfi	Hitastig í geymslu fyrir leysiefni hefur ekki verið skráð. Skv. gr. 4.1 í starfsleyfi skal skrá hitastig í geymslunni í rekstrarhandbók a.m.k. einu sinni í viku og ef hitasveiflur verða. Skráningarnar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirliti.
Gr. 4.1. í starfsleyfi	Skv. gr. 4.1 í starfsleyfi skal skrá prófanir og kvarðanir á tækjabúnaði í rekstrarhandbók og skulu skráningarnar vera aðgengilegar eftirlitsaðila í eftirliti.

ATHUGASEMDIR

Efnabambar sem geymdir eru á planinu snúa með krana út að girðingu því er auðvelt að teygja sig í kranana á þeim bömbum sem næst eru girðingunni og opna þá. Snúa þarf bömbunum þannig að óviðkomandi geti ekki átt við kranana.

ANNAÐ

Viðstödd eftirlitið voru Hafdís Inga Ingvarsdóttir frá Teymi efnamála hjá Umhverfisstofnun, hún framkvæmdi eftirlit með Sæfivörum samhliða mengunarvarnaeftirlitinu. Jafnframt var viðstaddur eftirlitið Tore Skjenstad frá Heilbrigðiseftirliti Hafnafjarðar og Kópavogs.

Reykjavík, 04.06.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Steinunn Karlsdóttir